



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Meðferð umsókna og framlag vegna skólavistar reykvískra nemenda í Arnarskóla

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 14. desember 2021 var lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Vinstri grænna og Pírata ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 8. desember 2021 og drögum að verklagi um framlag vegna skólavistar reykvískra nemenda í Arnarskóla skólaárið 2022 – 2023:

Skóla- og frístundaráð samþykkir með vísan til minnisblaðs sviðsstjóra, dags. 8. desember 2021, verklag um meðferð umsókna foreldra reykvískra nemenda í sjálfstætt rekna sérskólann Arnarskóla. Lagt er til að samþykkt verði að viðmið um hámarksfjölda nemenda með lögheimili í Reykjavík sem heimilt er að greiða framlag vegna til Arnarskóla verði ellefu nemendur. Forgang eiga nemendur með lögheimili í Reykjavík sem nú þegar eru í Arnarskóla að því gefnu að foreldrar óski eftir skólavist og uppfyllt séu skilyrði verklags vegna umsókna í sjálfstætt rekinn sérskóla. Þessu til samræmis er lagt til að sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs verði falið að gera samning við Arnarskóla árlega um framlag vegna ellefu reykvískra nemenda að hámarki að því gefnu að uppfyllt séu skilyrði verklags um meðferð skóla- og frístundasviðs vegna umsókna í skólann.

Tekið er fram að með samþykkt viðmiða um hámarksfjölda er ekki fallið frá óskilyrtum rétti sveitarfélagsins til að synja einstaka umsóknum foreldra um skólavist í grunnskóla utan lögheimilis sveitarfélagsins. Gerður er fyrirvari af hálfu Reykjavíkurborgar um að fjárveitingar skóla- og frístundasviðs eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun á hverju ári.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.
Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:
Tillaga, ódags.
Minnisblað, dags. 8. desember 2021
Verklag vegna umsókna, ódags.

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna varðandi verklag um meðferð umsókna og framlag vegna skólavistar reykvískra nemenda í Arnarskóla og ákvörðun um viðmið um hámarksfjölda.

Skóla- og frístundaráð samþykkir með vísan til minnisblaðs sviðsstjóra, dags. 8. desember 2021, verklag um meðferð umsókna foreldra reykvískra nemenda í sjálfstætt rekna sérskólann Arnarskóla.

Lagt er til að samþykkt verði að viðmið um hámarksfjölda nemenda með lögheimili í Reykjavík sem heimilt er að greiða framlag vegna til Arnarskóla verði ellefu nemendur. Forgang eiga nemendur með lögheimili í Reykjavík sem nú þegar eru í Arnarskóla að því gefnu að foreldrar óski eftir skólavist og uppfyllt séu skilyrði verklags vegna umsókna í sjálfstætt rekinn sérskóla

Þessu til samræmis er lagt til að sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs verði falið að gera samning við Arnarskóla árlega um framlag vegna ellefu reykvískra nemenda að hámarki að því gefnu að uppfyllt séu skilyrði verklags um meðferð skóla- og frístundasviðs vegna umsókna í skólann.


Tekið er fram að með samþykkt viðmiða um hámarksfjölda er ekki fallið frá óskilyrtum rétti sveitarfélagsins til að synja einstaka umsóknum foreldra um skólavist í grunnskóla utan lögheimilis sveitarfélagsins.

Gerður er fyrirvari af hálfu Reykjavíkurborgar um að fjárveitingar skóla- og frístundasviðs eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun á hverju ári.

Greinargerð:

Vísað er til minnisblaðs sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 8. desember 2021 hvað varðar forsendur ofangreindrar tillögu.

Í fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs árið 2022 er gert ráð fyrir kostnaði vegna framlags til Arnarskóla vegna ellefu nemenda með lögheimili í Reykjavík.



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Verklag um meðferð umsókna og framlag vegna skólavistar reykvískra nemenda í Arnarskóla og ákvörðun um viðmið um hámarksfjölda.

Lagt er til að samþykkt verði meðfylgjandi verklag um meðferð umsókna í sjálfstætt rekna sérskólanna Arnarskóla. Jafnframt verði samþykkt að hámarksfjöldi nemenda sem Reykjavíkurborg greiðir framlag vegna verði ellefu nemenda að hámarki. Með því móti verður núverandi nemendum með lögheimili í Reykjavík tryggð áframhaldandi skólavist í Arnarskóla að því gefnu að þeir uppfylli sömu skilyrði og áður. Með þessu móti verður ekki opnað fyrir umsóknar annarra nemenda nema ef einhver af þeim nemendum sem fyrir eru í skólanum fari á annan skóla eða lögheimili þeirra færast í annað sveitarfélag. Þá er jafnframt horft til þess að áður en sótt er um fyrir nemendur í Arnarskóla verði búið að fara fram mat á stöðu nemandans í námi af hálfu skóla- og frístundasviðs. Óska þarf eftir slíku mati fyrir 1. febrúar árlega í samræmi við meðfylgjandi verklag.

Um Arnarskóla

Arnarskóli er sjálfstætt rekinn sérskóli fyrir börn með þroskafrávik. Skólinn býður upp á heildstæða skóla- og frístundaþjónustu fyrir börn með þroskafrávik á grunnskólaaldri. Í heildstæðri þjónustu felst að veitt er samfelld þjónusta allan daginn, allan ársins hring. Starf skóla, frístundar og sumarfrístundar er fléttað saman í eitt heildstætt úrræði. Lögð er áhersla á atferlisihlutun þar sem atferlisfræðingar þjálfa starfsfólk og samræma vinnubrögð. Engin ákveðin greining er forsenda skólavistar og eru allar umsóknir teknar til athugunar.

Þar sem skólinn er staðsettur í Kópavogi hefur hann gert þjónustusamning við Kópavogsbæ og hefur fengið viðurkenningu sem einkaskóli á grunnskólastigi frá Menntamálastofnun en viðurkenningin byggir á þjónustusamningnum við Kópavogsbæ.

Skólaúrræði

Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 eiga nemendur rétt á að komið sé til móts við námsþarfir þeirra í almennum grunnskóla án aðgreiningar, án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis.

Samkvæmt 4. mgr. 14. gr. laga um grunnskóla geta foreldrar telji þeir, skólustjórar, kennarar eða aðrir sérfræðingar að það fái ekki notið kennslu við sitt hæfi í almennum grunnskóla, sótt um skólavist fyrir barnið í sérúrræði innan grunnskóla eða í sérskóla.

Með vísan til framangreinds eru grunnskólar Reykjavíkur án aðgreiningar. Sérúrræði Reykjavíkurborgar eru Klettaskóli, sérhæfðar sérdeildir fyrir nemendur með einhverfu og Brúarskóli. Sérstakar reglur gilda um innritun og útskrift nemenda úr þessum sérúrræðum borgarinnar og hafa þær reglur fengið staðfestingu ráðherra.

Samþykktir skóla- og frístundaráðs og borgarráðs

Skólaárið 2021 – 2022

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 12. janúar 2021 og í borgarráði þann sama dag var samþykkt verklag um meðferð umsókna foreldra reykvískra nemenda í sjálfstætt rekna sérskólann Arnarskóla vegna skólaársins 2021 – 2022.

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 8. júní 2021 og borgarráðs þann 10. júní 2021 var samþykkt að viðmið um hámarksfjölda nemenda með lögheimili í Reykjavík verði að hámarki 11 nemendur skólaárið 2021 -2022.

Þann 27. ágúst 2021 var undirritaður samningur við Arnarskóla vegna framangreindra nemenda.

Skólaárið 2020 – 2021

Á fundi skóla- og frístundaráðs 10. mars 2020 og í borgarráði þann 26. mars 2020 var samþykkt að heimila skóla- og frístundasviði að gera samning við Arnarskóla vegna umsókna fjögurra reykvískra nemenda sem nú þegar eru í Arnarskóla um skólavist þeirra skólaárið 2020-2021. Þann 2. júlí 2020 var samþykkt af borgarráði að viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna í Arnarskóla skólaárið 2020-2021 verði sex nemendur.

Skólaárið 2019 – 2020

Á fundi borgarráðs þann 18. júlí 2019 var samþykkt að heimila skóla- og frístundasviði að gera samning við Arnarskóla vegna umsókna fjögurra foreldra reykvískra nemenda um skólagöngu í Arnarskóla skólaárið 2019-2020.

Helstu forsendur ákvörðunar

Samkvæmt 1. málslíð 3. mgr. 5. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 er sveitarfélögum skylt að sjá til þess að skólaskyld börn sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, og börn sem hefur verið ráðstafað í fóstur til fósturforeldra, sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, njóti skólavistar eftir því sem nánar segir í lögnum

Þá er í 4. mgr. 17. gr. sömu laga kveðið á um að telji foreldrar barns, skólastjórar, kennarar eða aðrir sérfræðingar að það fái ekki notið kennslu við sitt hæfi í almennum grunnskóla geta foreldrar sótt um skólavist fyrir barnið í sérúrræði innan grunnskóla eða í sérskóla.

Í 1. mgr. 43. gr. a í lögum nr. 91/2008, er kveðið á um að sveitarfélag sem skóli starfar í skuli gera þjónustusamning um rekstur skólans við rekstraraðila. Samningur felur í sér samþykki sveitarfélags fyrir stofnun skólans, staðfestingu á rétti til fjárframlaga skv. 43. gr. b og skuldbindingu sveitarfélags um að hafa eftirlit með starfi hans.

Í 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 1150/2018 um sjálfstætt rekna grunnskóla kemur eftirfarandi fram:

Í þeim tilvikum þegar barn sækir sjálfstætt rekinn grunnskóla utan lögheimilissveitarfélags skulu lögheimilissveitarfélag og viðtökusveitarfélag gera með sér samning á grundvelli 5. gr. grunnskólalaga áður en barn er innritað í viðkomandi skóla. Viðtökusveitarfélag hefur þá sömu skyldur gagnvart skólavist barnsins og ætti það lögheimili þar. Um framlag úr sveitarsjóði í slíkum tilvikum fer með sama hætti og vegna annarra barna sem sækja skóla sem reknir eru af sveitarfélögum utan lögheimilissveitarfélags.

Í reglugerð nr. 444/2019 um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum kemur fram í 22. gr. að leik- og grunnskólar eigi rétt á skólaþjónustu sveitarfélags óháð rekstrarformi skóla. Um skólaþjónustu í sjálfstætt reknum grunnskólum fer að öðru leyti samkvæmt samningi sem gerður er milli sveitarfélags og viðkomandi skóla sem hlotið hefur viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytis skv. 43. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla.

Ekki er gert ráð fyrir að þjónustusamningur sem staðfestur er af Menntamálastofnun sé gerður milli viðkomandi sveitarfélags og viðkomandi grunnskóla og á sveitarfélagið ekki aðkomu að málum sem varða innritun, gjaldtöku eða skólagöngu barnsins með sama hætti og ef sjálfstætt rekinn grunnskóli er staðsettur í sama sveitarfélagi og viðkomandi nemandi á lögheimili í. Á hinn bóginn hafa sveitarfélög almenna heimild í 100. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 til að gera samninga við einkaaðila um framkvæmd þjónustustarfsemi sem þeim er lögum skylt eða heimilt að sinna.

Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. reglugerðar um sjálfstætt rekna grunnskóla eiga grunnskólar sem eru reknir af einkaaðila á grundvelli laga um grunnskóla og þjónustusamnings við sveitarfélag, sem hlotið hefur staðfestingu Menntamálastofnunar, rétt á framlagi úr sveitarsjóði til starfsemi sinnar vegna nemenda sem eiga lögheimili í því sveitarfélagi sem skólinn starfar og vegna barna sem ráðstafað hefur verið í fóstur til fósturforeldra, sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu. Sama gildir um grunnskóla sem þegar eru starfandi á grundvelli viðurkenningar ráðherra, en sveitarfélagi er þó heimilt í þjónustusamningi að takmarka framlag úr sveitarsjóði við hámarksfjölda nemenda. Þá getur Reykjavíkurborg takmarkað hámarksfjölda nemenda við skólann sem sveitarfélaginu ber að greiða kostnað af, sbr. 7.tl. 43. gr. a laga um grunnskóla, með hliðstæðum hætti og sveitarfélag sem sjálfstætt rekinn grunnskólar starfar í.

Með vísan til framangreinds er réttur sjálfstætt rekinna grunnskóla, sem hlotið hefur viðurkenningu ráðuneytisins, til framlags sveitarfélags með nemendum, bundinn við það sveitarfélag sem skólinn starfar í. Sveitarfélag þarf jafnframt aðeins að greiða framlag með þeim nemendum sem eiga þar lögheimili. Af þessu leiðir að Reykjavíkurborg er almennt ekki skylt að greiða framlag vegna nemenda með lögheimili í Reykjavík sem sækja sjálfstætt rekna grunnskóla utan Reykjavíkur.

Þá verður að gera ráð fyrir að sveitarfélagi sé heimilt á grundvelli framangreinds lagaákvæðis í grunnskólalögum og stjórnarskrárvarins réttar sveitarfélaga til sjálfstjórnar samkvæmt 78. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, sbr. lög nr. 33/1944, að takmarka fjárframlög sín til sjálfstætt rekinna grunnskóla utan sveitarfélagsins en tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum, svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir, sbr. einnig 1. gr. og 2. mgr. 8. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Samkvæmt 1. mgr. 63. gr. sveitarstjórnarlaga er fjárhagsáætlun næstkomandi árs bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins. Aðrir geta þó ekki byggt sjálfstæðan

rétt til fjárframlaga eða annarrar fyrirgreiðslu sveitarfélags á fjárhagsáætlunum. Jafnframt er vísað til 65. gr. sveitarstjórnarlaga sem kveður á ábyrga meðferð fjármuna sveitarfélagsins.

Upplýsingar um fjárhagsleg áhrif

Arnarskóli tekur gjald vegna skólavistar sem tekur mánaðarlegum breytingum samkvæmt launavísitölu sem gildir fyrir þann mánuð sem greitt er fyrir. Framangreindur kostnaður er greiddur af því sveitarfélagi sem nemandi á lögheimili í. Miðað er við átta tíma skólavist og frístundaþjónustu á dag en boðið er upp á þjónustu alla mánuði ársins.

Mánaðargjald Reykjavíkurborgar fyrir október 2021 er kr. 1.483.862 fyrir hvern nemanda til 12 mánaða. Samkvæmt núgildandi samningi við Arnarskóla er um að ræða heildarframlag til skólans vegna skólagöngu og frístundaþjónustu þeirra nemenda sem samningurinn nær til, til samræmis við einstaklingsnámskrá sem afhentar hafa verið skóla- og frístundasviði.

Heildargreiðsla til Arnarskóla vegna ellefu nemenda, 2021-2022 er því kr. 202.594.572,- ((11x1.483.862 x 12) + (560.399 x 1 x 12)).

Það liggur fyrir að ef greitt er framlag vegna skólavistar nemenda í Arnarskóla er viðbótarkostnaður Reykjavíkurborgar samkvæmt gjaldskrá Arnarskóla. Sú fjárhæð er verulega hærri en viðbótarkostnaður borgarinnar við fjölgun nemenda í Klettaskóla. Tekið er fram að umtalsverður hluti af kostnaði við rekstur Klettaskóla er fastur kostnaður. Fastur kostnaður vegna húsnæðis, hita og rafmagns er t.d. einn og sér 28% af áætluðum kostnaði við rekstur Klettaskóla. Þegar kemur að föstum kostnaði vegur þyngst kostnaður við húsnæði, aðstöðu og launakostnaði sérfræðinga. Það hefur því mun minni útgjöld í för með sér fyrir Reykjavíkurborg að fjölga nemendum í Klettaskóla en að greiða framlög fyrir skólavist í Arnarskóla.

Í fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs vegna 2022 er gert ráð fyrir kostnaði vegna framlags til Arnarskóla vegna ellefu nemenda með lögheimili í Reykjavík.

Umsögn skóla- og frístundasviðs

Með vísan til þess sem að framan hefur verið rakið er það mat skóla- og frístundasviðs að fylgt verði meðfylgjandi verklagi um framlag vegna skólavistar reykvískra nemenda í Arnarskóla og að miðað verði við að hámarksfjöldi nemenda með lögheimili í Reykjavík í Arnarskóla verði 11 nemendur.

Meðferð skóla- og frístundasviðs vegna umsókna í sjálfstætt rekinn sérskóla

Verklag um meðferð umsókna og framlag vegna skólavistar reykvískra nemenda í Arnarskóla.

Samþykkt var þann xx að hámarksfjöldi nemenda sem Reykjavíkurborg greiðir framlag til Arnarskóla verði ellefu nemendur. Forgang eiga nemendur með lögheimili í Reykjavík sem nú þegar eru í Arnarskóla að því gefnu að uppfyllt séu skilyrði þessa verklags.

Skilyrði umsóknar í Arnarskóla:

1. Foreldrar, þ.e. þeir sem fara með forsjá barns í skilningi barnalaga nr. 76/2003, geta sótt um skólavist í sérskólann Arnarskóla fyrir barn sitt með lögheimili í Reykjavík, telji þeir, skólastjórnendur og aðrir sérfræðingar að barnið fái ekki notið kennslu við sitt hæfi í almennum grunnskóla í Reykjavík.
2. Foreldrar sem óska eftir skólavist í Arnarskóla fyrir barn sitt geta óskað eftir að fram fari mat á stöðu nemandans í námi til samræmis við 9. tölulið í þessu verklagi áður en foreldrar sækja um í Arnarskóla. Óska þarf eftir slíku mati fyrir 1. febrúar ár hvert. Sé niðurstaða mats sú að Arnarskóli sé það úrræði sem henti nemanda betur en aðrir skólar Reykjavíkurborgar, þ.m.t. Klettaskóli, sækja foreldrar um til Arnarskóla sem metur hvort skólinn geti mætt þörfum barnsins fyrir skóla- og frístundastarf. Telji skólinn að hann hæfi barninu leiðbeinir hann foreldrum um að þeir þurfi að sækja um á sérstöku eyðublaði og jafnframt fá samþykki Reykjavíkurborgar vegna greiðslu framlags til skólans. Skóla og- og frístundasvið Reykjavíkurborgar veitir leiðbeiningar sem birtar eru á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.xxxx.
3. Það er skilyrði greiðslu framlags til Arnarskóla að um sé að ræða nemendur með lögheimili í Reykjavík með verulega hamlandi þroskahömlun og/eða einhverfu ásamt alvarlegum atferlis- og hegðunarröskunum og/eða öðrum alvarlegum viðbótarröskunum s.s. íþyngjandi ofvirknishegðunarröskun og geðrænar raskanir.

Arnarskóli er staðsettur utan Reykjavíkur og því ber að leggja fram árlega beiðni um skólavist í skólanum auk umsóknar um skólavist í grunnskóla í sveitarfélagi utan lögheimilis nemanda,

https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/umsoknir_pdf/beidni_um_namsvist_grunnskola_utan_logheimils.pdf

Umsóknarfrestur vegna skólavistar utan sveitarfélags í Arnarskóla er til 1. mars árlega.

4. Ef umsókn berst eftir 1. mars gefst foreldrum gefinn kostur á að halda umsókn sinni til umfjöllunar vegna næstu afgreiðslu skóla- og frístundaráðs og borgarráðs að ári. Óski foreldrar ekki eftir framangreindu er litið svo á að umsókn hafi verið afturkölluð. Undanþegnu framangreindu eru umsóknir foreldra vegna barna sem eru að flytja lögheimili sitt og fasta búsetu til Reykjavíkur og sem eru nú þegar í Arnarskóla. Umsóknir þeirra skulu teknar til meðferðar þá þegar af sérstöku matsteymi á skóla- og frístundasviði Reykjavíkur.
5. Sérstakt matsteymi leggur mat á þær beiðnir sem berast til skóla- og frístundasviðs.

Í matsteyminu eiga sæti skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu, verkefnastjóri menntunar fyrir alla á fagskrifstofu grunnskóla, fulltrúi viðkomandi skólaþjónustu og fulltrúi frá

einu af sérúrræðum Reykjavíkurborgar sem við á hverju sinni, Klettaskóla, Brúarskóla eða sérdeild fyrir nemendur með einhverfu.

6. Matsteymi skóla- og frístundasviðs aflar nauðsynlegra gagna með samþykki foreldra og tekur mið af:

- Hvort nemandi sé nú þegar í Arnarskóla.
 - Fyrirliggjandi greiningum um þroskaröskun barnsins til samræmis við 3. gr. í reglum þessum.
 - Mati á stöðu barnsins í námi og skólastarfi frá leik- eða grunnskóla. Í matinu skal taka tillit til aðstæðna nemandans og heildarhagsmuna hans, svo sem stöðu hans í einstökum námsgreinum, virkni hans og félagsstöðu og líðan í skóla. Gæta skal þess að nemandinn eigi þess kost að tjá sig um niðurstöður matsins og koma á framfæri sjónarmiðum sínum sem kostur er. Matsteymið kallar eftir matinu frá skóla/leikskóla nemandans og skólaþjónustu að fengnu samþykki foreldra og skulu þeim kynntar niðurstöður námsmatsins.
 - Mati annarra sérfræðinga/aðila sem hafa komið að málum sem varða leik- eða grunnskólagöngu barnsins.
 - Hvort aðstæður og möguleikar í skólanum/námshópnum séu líklegri til að stuðla að framförum hjá nemandanum náms- og félagslega og í almennum þroska.
 - Óskum foreldra og nemandans að teknu tilliti til aldurs og þroska.
 - Mati starfsfólks Arnarskóla á því hvernig aðstæður og möguleikar skólans séu líklegar til að hæfa þörfum viðkomandi barns og stuðla að framförum náms- og félagslega og í almennum þroska.
- Lögum um grunnskóla nr. 91/2008 og reglugerð um stuðning við nemendur sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010.

8. Starfshættir matsteymis eru eftirfarandi :

- Matsteymið gætir að vandaðri stjórnarsýslu, þar með talið jafnræðissjónarmiðum í störfum sínum við mat og afgreiðslu beiðna.
- Matsteymið getur kallað til sín sérfræðinga um nám og skólagöngu barna með þroskafrávik og sérfræðinga varðandi þroskafrávik viðkomandi barns. Foreldrar skulu hafa kost á að hafa áhrif á val á sérfræðingum.
- Matsteymið getur falið sérfræðingi úr teyminu að fylgjast með barninu í núverandi aðstæðum þess í leik- eða grunnskóla, með samþykki foreldra.
- Séu beiðnir fleiri en fjöldi þeirra nemenda sem heimild er fyrir í skólann, forgangsraðar matsteymið beiðnum eftir því hve hamlandi skerðingar viðkomandi barns eru í námi og skólastarfi.
- Afgreiðsla matsteymis skal liggja fyrir eigi síðar en 15. febrúar ár hvert.

9. Afgreiðsla umsókna

Skrifstofustjóri fagskrifstofu grunnskóla tekur ákvörðun um hvort uppfyllt séu skilyrði samþykktar á grundvelli fyrirliggjandi gagna, upplýsinga og athugana matsteymis.

- Sé umsókn samþykkt af hálfu matsteymis tilkynnir skrifstofustjóri fagskrifstofu grunnskóla það í bréfi til foreldra og foreldrar sækja í framhaldi um í Arnarskóla

- Sé lagt til að umsókn um skólavist verði synjað tilkynnir skrifstofustjóri fagskrifstofu grunnskóla það í bréfi til foreldra þar sem ákvörðun um fyrirhugaða synjun er rökstudd ítarlega. Gefa skal foreldrum kost á að tjá sig um fyrirhugaða synjun og tryggja þeim andmælarétt.
- Sé ákvörðun tekin um synjun að loknu mati á athugasemdum frá foreldrum tilkynnir skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu það í bréfi til foreldra. Ákvörðunin skal vera rökstudd og foreldrar upplýstir um kærurétt skv. 47. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.

Miðað er við að umsóknir vegna komandi skólaárs verði afgreiddar fyrir 20. maí ár hvert.

Samningur við Arnarskóla

Þegar umsóknir hafa verið afgreiddar gerir skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar samning við Arnarskóla um greiðslu framlags.

